

MOSFELLINGUR

1. TBL. 24. ÁRG. FIMMTUDAGUR 9. JANÚAR 2024 • GIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Magnús Már Einarsson, þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu

MOSFELLINGUR ÁRSINS 2024 »6

» AFTURELDING UPP Í EFSTU DEILD KARLA Í FYRSTA SINN » Á 50 ÁRA AFMÆLI KNATT-SPYRNUDEILDARINNAR » VIÐURKENNING FYRIR OKKUR ÖLL

Myndræggðla

VILTU SELJA?

HAFÐU SAMBAND Í
SÍMA 586-8080 EÐA
FASTMOS@FASTMOS.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar



PÚ FÆRÐ LJÚFFENG SÚRDEIGSBRAUÐ HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBAKARI.S

HÁHOLT 13-15

HÁALETTISBRAUT 58-60



LED BORÐA - VINNULJÓS FRÁBÆR LAUSN!

10, 15 OG 20m - IP65 - 1500 lúmen pr meter.
Þú bara tekur borðann af rúllunni og stingur í samband

IP65
VATNSHELT



Hyrjarhöfða 2
S. 558 0888
www.redder.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jonas B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 6. FEBRÚAR

Til hamingju Maggi

Magnús Már knattspyrnuþjálfari Aftureldingar er Mosfellingur ársins 2024. Afturelding tryggði sér í fyrsta skipti sæti í efstu deild og það á 50 ára afmæli knattspyrnu-deildarinnar. Frábær árangur og margar gleðistundir sem við áttum með liðinu á árinu og árangurinn sögulegur. Maggi tók við liðinu 2019 og hefur stefnt að þessu frá upphafi. Svo



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

sannarlega verðskulduð viðurkenning fyrir mikla vinnu sem hann hefur lagt á sig fyrir fótboltann. Nú er komið að okkur Mosfellingum að mæta á völlinn í sumar og búa til alvöru stemningu. Ég efast ekki um að fram undan verði skemmtilegt tímabil þar sem við fylgjum eftir þessum uppgangi í boltanum.

Að lokum þakka ég þeim sem settu nafn mitt í pottinn. Við tókum upp á því fyrir 20 árum, þegar ég tók við Mosfellingi, að útnefna Mosfelling ársins. Seint mun ég taka upp á því að heiðra sjálfan mig en þakka hlýhuginn.



ÍSFUGL

www.isfugl.is




Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...



Ljósmynd: K. Tomm.

Prettándagleði Mosfellinga er alltaf jafn glæsileg og tilkomumikil, ýmsir furðuguglar eins og þessar hressilegu stúlkur eiga sinn þátt í því. Hápunktinum er svo ávalt náð með einni glæsilegustu flugeldasýningu sem að sést og virðist sem Björgunarsveitin Kyndill, sem hefur veg og vanda af henni, geri alltaf betur og betur með hverju árinu sem líður.



Aldís Davíðsdóttir og Erlingur Kristjánsson sem álfadrottning og álfakóngur en Erlingur var í þessu hlutverki um langt árabil og gerði með sóma.

PRETTÁNDINN ÁRIÐ 2004

Í bókinni Saga daganna eftir Árna Björnsson eru góðar heimildir um prettánda dag jóla og ýmsa síði honum tengda í aldanna rás. Danskvæði voru vinsæl og um 1740 var m.a. þetta erindi kveðið:

Annars dags kvöld eins í jólum
og aðfaranótt prettándans
leika menn sem hlaupi á hjólum
hvergi verður gleðinnar stans.
Hætt er við þeir hringi tólum
hegðun sú má kallast fín.
Hjá honum Jóni Hjaltalín.
Gaman er að svoddan sjólum
sér þótt stofni vansa.
Allan vetrinn eru þeir að dansa.

Myndir eru frá prettándabrennu við Leirvog árið 2004. Heimild og ljósmyndir: K. Tomm

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



FÁLKAHÖFÐI 7

Mjög fallegt og mikið endurnýjað 148,0 m² endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Tvær timburverandir, bæði fyrir framan og aftan hús. Vinsæl staðsetning í Mosfellsbæ.

V. 134,9 m.



ASPARLUNDUR 7

Fallegt og rúmgott 237,4 m², einbýlishús með innbyggðum bílskúr (í dag nýttur sem auka íbúð). Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Frábær staðsetning rétt við Varmá með fallegum gönguleiðum og upp á næstu fjöllum.

V. 157 m.



VEFARASTRÆTI 38

Falleg og vel skipulögð 73,7 m², 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, stutt frá skóla, almenningssamgöngum og vinsælum útivistarsvæðum.

V. 63,5 m.



VEFARASTRÆTI 38

Stór og glæsileg 171,8 m², 5 herbergja íbúð á efstu hæð og er eina íbúðin á hæðinni, í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu við Vefarastæti 38 í Mosfellsbæ. Stórar svalir (ca 25 m²) í suðurátt. Mjög fallegt útsýni er frá eigninni.

V. 119,9 m.



UGLUGATA 2

Mjög falleg og vel skipulögð 140,2 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð (efstu) í fjölbýlishúsi. Stórar yfirbyggðar svalir (ca. 16,4 m²) í suðvesturátt með fallegu útsýni. Sérgeymsla er í kjallara (skráð 34,7 m²) sem hægt væri að nýta sem vinnustofu, tómstundaherbergi, rækt og fl.

V. 95,9 m.



FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Fossatungu í Mosfellsbæ. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búð að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9 m.



GERPLUSTRÆTI 11

Falleg og vel skipulögð 82,5 m² 4ra herbergja endaíbúð á 4. hæð (efstu hæð) í lyftuhúsi ásamt bílastæði í bílageymslu. Svalir í suðausturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning rétt við Helgafellsskóla.

V. 73,9 m.



LÓUGATA 26

Glæsilegt 268,7 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr innst í botnlanga. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Húsið er selt í núverandi ástandi, fullbúið að utan og að innan er húsið svo til tilbúið til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda.

V. 179 m.



UGLUGATA 29

Mjög fallegt og vel skipulagt 158,5 m² parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Vönduð tæki. Mikil lofhæð með innbyggðri lýsingu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

V. 129,9 m.



LAXATUNGA 143

Glæsilegt 224,6 m², 5 herbergja einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Frábær staðsetning, glæsilegt útsýni og vandaðar innréttingar frá Axis. Steyptar verandir með heitum og köldum potti.

V. 159,9 m.



MEÐ BÍLSKÚR

HJALLAHLÍÐ 19C

Rúmgóð og vel skipulögð 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílskúr á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni.

V. 87,9 m.



LAXATUNGA 139

Fallegt 239,5 m², einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Fallegur bakgarður með timburverönd með heitum potti í suðurátt. Steypt bílplan með snjóbræðslu. Vel staðsett eign í hverfinu með fallegt útsýni.

V. 179,9 m.



LAUST STRAX

Stórt útsvæði

DESJAMÝRI 11C

118,9 m² atvinnuhúsnæði ásamt um 160 m² sérafnotasvæði sem tilheyrir eigninni. Stór innkeyrsluhurð og inngönguhurð eru á rýminu. Lóð er malbikuð og afgirt með rafmagnshliði.

V. 54,9 m.



LEIRVOGSTUNGA 33

Mjög fallegt og vel skipulagt 321,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr ásamt auka íbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

V. 220,0 m.

Á vefsíðu Mosfellings eru birtar helstu fréttir úr blaðinu • Þrjár fréttir efstar á lista

MEST LESNU FRÉTTIRNAR Á MOSFELLINGUR.IS ÁRIÐ 2024



Þorrablót UMFA haldið 25. janúar

Þorrablót Aftureldingar verður haldið að Varmá 25. janúar 2025. Dagskráin er með hefðbundnu sniði þar sem Steindi og Auddi sjá um veislustjórn, maturinn kemur frá Geira í Kjötubúðinni og Stuðlabandið ásamt góðum gestum heldur uppi fjörinu fram á nótt. Miðasala fer fram á Midix.is og fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða á borðhaldið. Undanfarin ár hefur verið uppselt á þorrablótið og er búist við hinu sama í ár. Allur ágóði rennur til barna- og unglingsstarfs handbolta- og knattspyrnudeildar Aftureldingar og eru Mosfellingar hvattir til að fjölmenna á þennan skemmtilega viðburð. Sérstada þorrablóts Aftureldingar hefur verið að hóparnir komi á laugardeginum og skreyti borðin sín og veitt eru verðlaun fyrir ýmis atriði.



Kynningarfundur um Blikastaðaland

Mosfellsbær heldur opinn kynningarfund um 1. áfanga Blikastaðalands mánudaginn 13. janúar kl. 16:30 í Hlégarði. Um er að ræða nýtt íbúðarhverfi að Blikastöðum þar sem markmiðið er að skapa eftirsóknarvert, þétt, blandað og spennandi hverfi með áherslu á nærumhverfið, náttúru, samgöngur og þjónustu. Nýtt hverfi mun innihalda fjölbreytt húsnæði í blandaðri byggð sem mun rísa í kringum gamla Blikastaðabæinn sem verður gerður upp og glæddur lífi. Ætlunin er að kynna helstu hugmyndir, forsendur og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Í kjölfarið verður unnið með innsendar ábendingar og endanleg skipulagstillaga auglýst síðar til umsagnar. Gógn eru aðgengileg á skipulagsgatt.is



Opna skyndibita-staðinn Dúos

1 FRÉTT | Skyndibitastaðurinn Dúos hefur opnað við hlið Krónunnar í Háholtinu. Tvíbursystkinin Alexía Gerður og Sigdór Sölvi Valgeirsbörn reka staðinn sem opnaði þann 12. janúar. Systkinin eru alin upp á Kjalarnesi en búa nú í Mosó ásamt fjölskyldum sínum. Þau hafa mikla reynslu af lokum og hraðri afgreiðslu af Hlöllabátum þar sem þau hafa unnið í rúman áratug. „Það hefur alltaf verið draumurinn að opna okkar eigin ...



Að eiga bakland til að sækja börnin á leikskólann

2 AÐSEND GREIN | Nú er leikskólatími barna í Mosfellsbæ á föstudögum til kl. 14:00 nema fyrir þau sem nauðsynlega þurfa lengri vistunartíma, vinnu sinnar vegna. Þá er hægt að sækja sérstaklega um með átta daga fyrirvara að ná í börnin klukkan 16:00. Þetta hefur leitt til óánægju og óvæntra áskorana fyrir margar fjölskyldur. Óformleg könnun sýnir að konur sjá oftast um að sækja börnin fyrir á leikskóla ...



Bankinn kominn í nýjar hendur

3 FRÉTT | Það er komið að tímamótum á veitingastaðnum Bankanum Bistro í Þverholtinu. Eftir að hafa rekið Bankann Bistro (áður Barion) í tæp 5 ár, afhenda hjónin Ragnheiður Þengilsdóttir og Óli Valur Kára Guðmundssyni lyklana. „Ég var þjónustustjóri í Arion Mosó og þegar útibúinu var lokað í kjölfar breytinga árið 2018 kom upp tækifæri til að kaupa húsið og umbreyta því í hverfisstað Mosfellinga ...



ER MJALLHVÍT JÖRD Í LJÓMA STÓÐ

HVÍT JÓL Í MOSFELLSBÆ

Ljósmyndari Mosfellings, Raggi Óla, lyfti sér upp og tók þessa fallegu mynd yfir bæinn í upphafi árs. Hvað boðar blessuð nýársóll?

KIRKJUSTARFIÐ

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 5. janúar
Kvöldmessa kl. 20:00. Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar, organisti er Árni Heiðar Karlsson. Kirkjukór Lágafellssóknar syngur.

Sunnudagur 12. janúar
Fjölskyldumessa kl. 13:00. Umsjón með stundinni hafa sr. Henning Emil Magnússon og Andrea Gréta Axelsdóttir. Barnakór Lágafellskirkju syngur undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur. Batamessa kl. 17:00.

Sunnudagur 19. janúar
Sunnudagaskóli kl. 13:00 og Taizé messa kl. 20:00. Prestur sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn.

Sunnudagur 26. janúar
Guðspjónusta kl. 11:00. Prestur sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir. Sunnudagaskóli kl. 13:00.

Barnakór Lágafellssóknar
Æfingar hefjast mánudaginn 13. janúar í Safnaðarheimilinu Þverholti. 1.-3. bekkur kl. 16.20-17 og 4.-7. bekkur kl. 17.10-18. Í janúar og febrúar verður

hægt að koma og prófa. Fyrir prufuæfingu hafið samband við Valgerði Jónsdóttur kórstjóra á valgerdur@lagafellskirkja.is

SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

Allar upplýsingar um safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is

WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

NÝÁRSTILBOÐ Á SÝNINGARBÍLUM Í JANÚAR!

TÖKUM BÍLINN
PINN UPP Í
TILBOÐSBÍLA

2.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



DÍSEL

RAM 3500 Longhorn Crew Cab

Listaverð: 13.709.820 án VSK
17.000.177 kr. m/VSK

Tilboðsverð: 12.096.917 kr. án VSK
15.000.177 kr. m/VSK

1-2.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



DÍSEL

RAM 3500 SÝNINGARBÍLAR

Verðdæmi:
Listaverð frá: 11.595.684 kr. án VSK
14.378.648 kr. m/VSK

Tilboðsverð frá: 10.789.232 kr. án VSK
13.378.648 kr. m/VSK

ALLT AÐ
1.979.000 KR.
AFSLÁTTUR



PLUG-IN HYBRID 4XE

Jeep Compass Trailhawk+
og Jeep Compass S

með öllum búnaði
Listaverð: 9.569.000-9.969.000 kr.
Tilboðsverð: 7.990.000 kr.

2.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



PLUG-IN HYBRID 4XE

Jeep Wrangler Rubicon

Tveir bílar í boði!
Listaverð: 13.990.000 kr.
Tilboðsverð: 11.990.000 kr.

1.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



PLUG-IN HYBRID 4XE

Jeep Wrangler Rubicon

með öllum búnaði
Listaverð: 13.990.000 kr.
Tilboðsverð: 12.990.000 kr.

1.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



PLUG-IN HYBRID 4XE

Jeep Grand Cherokee
Summit Reserve

með öllum búnaði
Listaverð: 16.990.000 kr.
Tilboðsverð: 15.990.000 kr.

5.490.000 KR.
MEÐ RAFBÍLASTYRK



100% RAFMAGN

Jeep Avenger Altitude

Listaverð: 7.698.000 kr.
Tilboðsverð: 5.490.000 kr. með rafbílastyrk
Summit tilboðsverð 5.990.000 kr.

3.990.000 KR.
MEÐ RAFBÍLASTYRK



100% RAFMAGN

FIAT 500e La Prima 3+1

með öllum búnaði
Litir: rose gold
Listaverð: 5.890.000 kr.
Tilboðsverð: 3.990.000 kr. með rafbílastyrk

2.000.000 KR.
AFSLÁTTUR



PLUG-IN HYBRID

Alfa Romeo Tonale Veloce Q4

með öllum búnaði
Litir: grár og svartur
Listaverð: 10.940.000 kr.
Tilboðsverð: 8.940.000 kr.

Magnús Már tekur við viðurkenningunni úr höndum Hilmar Gunnarssonar ritstjóra Mosfellings. Styttan er eftir leirlistakonunni og bæjarlistamanninn Þóru Sigurbórsdóttur.



Bæjarblaðið stendur fyrir valinu í 20. sinn • Maggi Þjálfari

Draumur að sjá liðið í efstu deild

Mosfellingur ársins 2024 er Magnús Már Einarsson þjálfari meistaraflokks karla hjá Aftureldingu. Maggi, eins og hann er alltaf kallaður, afrekaði það á síðasta tímabili að koma liði sínu í efstu deild.

Þetta er í fýsta skipti sem karlaíð Aftureldingar spilar í deild þeirra bestu en síðasta haust átti knattspyrnudeildin 50 ára afmæli. „Ég er mjög þakklátur og snortinn að fá þessi verðlaun frá besta blaði í heimi. Fyrir mig persónulega eru þetta skemmtilegustu verðlaun sem ég hef fengið á ævinni. Hilmar ritstjóri hefði sjálfur átt skilið að fá verðlaunin fyrir magnað starf í þænum og ég vona að hann fái slíka viðurkenningu einn daginn,“ segir Maggi en hann er kvæntur Önnu Guðrúnu Einarisdóttur, þau eiga von á sínu þriðja barni en fyrir eiga þau synina Einar Inga og Blæ.

Viðurkenning okkar allra

„Mér finnst þessi verðlaun vera fyrir alla sem hafa hjálpað Aftureldingu að komast upp í efstu deild. Leikmannahópurinn hefur lagt mikla vinnu á sig undanfarin ár og flestir leikmenn okkar eru uppaldir hjá Aftureldingu eða hafa verið mjög lengi hjá félaginu. Þjálfarateymið er frábært og má þar fyrstan nefna Enes Cogic aðstoðarþjálfara en hann hefur starfað með mér frá fyrsta degi og verið mér stoð og styttu.

Sjálfboðaliðarnir og stjórn meistaraflokksráðs, með Gísla formann í broddi fylkingar, eiga ótrúlega mikinn þátt í þessu líka sem og auðvitað stuðningsmenn og styrktaraðilar. Þá vil ég nýta tækifærið og þakka fjölskyldu minni fyrir stuðninginn og sérstaklega foreldrum mínum og Önnu Guðrúnu eiginkonu minni.“

Margt breyst síðan ég sat með hestunum

Maggi er uppalin Mosfellingur, hann byrjaði að æfa fótbolta með 6. flokki árið 1998 og spilaði upp alla yngri flokka í Aftureldingu og

tók við sem aðalþjálfari liðsins 2019.

Það hefur verið draumur Magga frá barnæsku að sjá Aftureldingu spila í efstu deild. „Ég byrjaði að mæta á alla leiki hjá meistaraflokki 1999 og hef varla misst úr leik síðan. Ég byrjaði sem boltastrákur á Tungubökkum, sat þar fyrir altaf markað með hestunum. Svo mætti ég sem stuðningmaður, fljótlega tók ég að mér að útbúa leikskrár fyrir alla leiki, síðan varð ég leikmaður, aðstoðarþjálfari og nú þjálfari. Það hefur margt breyst síðan ég sat þarna á Tungubökkum með hestunum, en þá var Afturelding í neðstu deild,“ segir Maggi en markmiðið var skýrt frá upphafi og það var að koma liðinu upp í efstu deild.

Viljum festa okkur í sessi í efstu deild

„Það verður mjög gaman að spila í Bestu deildinni í sumar. Efstu félagin eru nánast atvinnumannalið og við munum leggja allt í sölnurnar til að standast þeim snúning með því að æfa vel og hafa umgjörðina góða.

Við höfum verið mjög heppin með styrktaraðila undanfarin ár og það er gaman að fleiri eru tilbúnir að koma í lið með okkur í þessu stóra verkefni til að við getum haldið áfram að vaxa innan sem utan vallar. Við viljum meira og næsta skref er að festa sig í sessi í Bestu deildinni því að mínu mati á Afturelding heima þar.“

Frábær stuðningur að Varmá

„Það er gríðarlega mikil spenna fyrir fyrsta leik tímabilsins gegn Breiðabliki þann 5. apríl, fyrsti heimleikurinn er svo gegn ÍBV á Malbikstöðinni að Varmá 13. apríl. Ég er viss um að við verðum með besta stuðninginn í sumar. Það er ótrúlega skemmtilegt að spila á Varmá fyrir framan okkar fólk og magnað að sjá hvað áhorfendafjöldinn hefur vaxið ár frá ári. Það er skemmtun fyrir alla fjölskylduna að mæta á völlum. Sjáumst á vellinum,“ segir Maggi.

Mosfellingum gafst kostur á að tilnefna þá sem þeim þóttu verðugir að hljóta nafnbótina Mosfellingur ársins. Fjöldi tilnefninga barst í gegnum heimasíðu blaðsins Mosfellingur.is. Mörg skemmtileg ummæli fylgdu með, eins og sjá má hér:

- Páll Líndal**
Fyrir að safna háum fjárhæðum fyrir sumarþingið Reykjadalsskóla með því að halda stórt og glæsilegt árlegt golfmót. Mikil og óeigingjörn vinna sem skilar miklu.
- Teejay Boyo**
Sundlaugarvörður við Lágafellslaug. Hann er sannkallaður gleðigjafi, viðmót hans í sundlauginni einkennist af jákvæðni.
- Dóra Wild**
Hún var tilnefnd sem kennari ársins 2024 fyrir faglega leikskólakennslu, meðal annars útinám og fyrir að auðga líf barna í Mosfellsbæ með fjölbreyttu lista- og menningarstarfi. Auk alls sem hún hefur gert fyrir bæjarleikhúsið og leikfélagið.
- Guðjón Svansson**
Hann er svo hvetjandi fyrir alla, leggur áherslu á líkamlega og félagslega heilsu. Er duglegur að miðla góðum ráðum til fólks.

Erna Sóley Gunnarsdóttir
Flottur fulltrúi okkar Mosfellinga á Ólympíuleikunum í París og jafnframt einn af frjalsþrottakonan í ár.

Gunnar Birgisson
Þessi íþróttafréttamaður var stórkostlegur í lýsingu á EM í handbolta í janúar, Ólympíuleikunum og HM í knattspyrnu í sumar og toppaði hann sig í beinni útsendingu frá leikvöllinum þar sem úrslitaleikur EM fór fram.

Sigurður Kristófer McQuillan Óskarsson
Formaður Björgunarsveitar Kyndils fyrir stórfín sýn, fórnþýsi og eldmót til að hjálpa öðrum. Hann var fyrirmyndarmaður í einu og öllu, frábær björgunarsveitarmaður og vinur. Hann var alltaf jákvæður og brosandur og á stóran stað í hjarta margra! Hann sinni sínum störfum vel á meðan hann hafði tækifæri til!

Hilmar Gunnarsson
Hann er sá einstaklingur í Mosfellsbæ sem heldur þænum saman sem samfélagi. Félagslega færasti einstaklingur bæjarins. Auk þess sem hann heldur úti Mosfellingi, og hefur glætt Hlégarð lífi á ný.



2005 Sigsteinn Pálsson
Stórbóndi á Blíkastöðum sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á árinu.



2006 Hjalti Úrsur Árnason
Kraftakarli sem frumsýndi heimildarmyndina um Jón Pál Sigmarsson.



2007 Jóhann Ingi Guðbergsson
Sundlaugarvörður í Lágafellslaug sem bjargaði lífi tveggja ára stúlku.



2008 Albert Rútsson
Athaframaður sem opnaði glæsilegt hótel í Mosfellsbæ, Hotel Laxness.



2009 Embla Agústsdóttir
Lætur fötlun ekki stöðva sig í að lifa lífinu. Miðlar af reyfslu sinni og líffsýn.



2010 Steinþór Hróar Steinþórsson
Steindal Jr. slær í gegn með Steindanum okkar og á vinselasta lag landsins.



2011 Hanna Símonardóttir
Sjálfbóðaliði hjá Aftureldingu í 14 ár og aðal drifjödurin í starfi félagsins.



2012 Greta Salóme Stefánsdóttir
Evintryalegt ár hjá söngkonunni sem m.a. keppti fyrir Ísland í Eurovision.



2013 Hjólsvéitinn Kaleo
Skaust upp á stjörnuhimininn eftir sína fyrstu plötu og Vor í Vaglakógi.



2014 Jóhanna Elísa Engelhartsdóttir
Snéri við blaðinu og varð fyrsti sigurvegari í Biggest Loser á Íslandi.



2015 Sigrún P. Geirsdóttir
Vann það þrekkvirki að verða fyrst íslenskra kvenna til að synda yfir Ermarsundið.



2016 Guðni Valur Guðnason
Breytti Arion í vefingastaðinn Barion og skapaði hverfisstað í Mosó á skýrtum tímum.



2017 Jón Kalman Stefánsson
Einn fremsti rithöfundur þjóðarinnar til fjölda ára. Orðaður við Nóbélinn.



2018 Óskar Víðalín Kristjánsson
Einn af stofnendum Minningarsjóðs Einars Darra eftir fráfall sonar hans.



2019 Hilmar Elísson
Bjargaði sundlaugargesti sem var við köfun í Lágafellslaug frá drukknum.



2020 Sigmar Vilhjálmsson
Breytti Arion í vefingastaðinn Barion og skapaði hverfisstað í Mosó á skýrtum tímum.



2021 Elva Björg Pálsdóttir
Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara. Úrræðagöð í covid og gleðin ávallt við völd.



2022 Halla Karen Kristjánsdóttir
Hvetur bæjarbúa til hreyfingar og leiddi Framsókn til sögulegs sigurs í kosningum.



2023 Halldór Laxness Halldórsson
Dóri DNA er höfundur sjónvarpsþáttanna Afturelding sem slegið hafa í gegn.



2024 Magnús Már Einarsson
Þjálfari Aftureldingar kom liði sínu í fyrsta sinn í efstu deild karla í knattspyrnu.



Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0025



OUTLET SPRENGJA

3.-11. JAN

VÖLUTEIG 17 - MOSFELLSBÆ
OPIÐ 12 - 18 OG LAUGARD. 12 - 16

SÆNGURVERASETT,
ÞVOTTASTYKKI,
HVÍT HANDKLÆÐI,
HEILSUKODDAR,
STUÐNINGSPÚÐAR,
NÁTTBORÐ, O FL. O.FL.



10-70% AFSLÁTTUR

180 X 210 CM. DÝNA,
BOTN OG FÆTUR
VERÐ FRÁ 75.000.-
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ.

ALDREI MEIRA ÚRVAL AF 90 CM, 180 CM
OG 180X210 CM SKIPTIDYNUM OG
ELDRI GERÐUM

LYFTU-HVÍLDARSTÓLAR
FRÁBÆRT VERÐ



TILBOÐ Í VERSLUNUM MEDAN Á ÚTSÖLU STENDUR



50%
AFSL.

Flott hjólaborð með
hírslu og glerhillu
Verð 27.900.-
nú aðeins 13.950.-

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

UM FJÓRÐUNGUR
LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



Þorlákur Hrannar dreif sig í heiminn 1. janúar kl. 03:25 • „Hann er alveg dásamlegur“

Fyrsti Mosfellingur ársins kom í heiminn á nýársnótt

Fyrsti Mosfellingur ársins 2025 er drengur sem fæddist á Landspítalanum kl. 03:25 þann 1. janúar og mældist 3.690 gr og 53 cm.

Foreldrar hans eru þau Jóna Magnea Magnúsdóttir Hansen og Snorri Pálsson, fyrir eiga þau soninn Jakob Hrannar sem er 9 ára. Litli drengurinn hefur fengið nafnið Þorlákur Hrannar en skírning hans mun fara fram í apríl.

„Þau ákváðu Þorlákur en ég ákvað Hrannar,“ segir Jakob Hrannar stoltur stóri bróðir.

Jóna Magnea er uppallinn Mosfellingur og segist hafa spurt Snorra á þeirra öðru stefnumóti hvernig honum líkaði Mosó því hún myndi aldrei flytja héðan en Snorri er úr Garðabænum. Þau segja að á bak við Þorlák Hrannar sé mikil og falleg saga sem nær sex ár aftur í tímann.

„Þegar Jakob Hrannar var um 3 ára fór hann að biðja um systkini, við byrjuð að reyna að eignast barn sem gekk ekki vel og á einu og hálfu ári misstum við þrisvar sem var mjög erfitt. Við héldum áfram að reyna árangurslaust í rúm tvö ár.“

Líkurnar meiri erlendis

„Við fórum svo í eina meðferð hjá Livio hér heima en svo var okkur bent á að líkurnar væru meiri erlendis bæði í Alicante og í Grikklandi. Við fengum stuðning og styrk frá fjölskyldunni til að fara til Alicante í frjósemisméðferð. Litla kraftaverkið okkar kom í fyrstu tilraun og erum við mjög þakklát fyrir þetta allt saman,“ segir Jóna Magnea.

„Hann átti að koma í heiminn 29. desem-



SNORRI, JAKOB HRANNAR, JÓNA MAGNEA OG ÞORLÁKUR HRANNAR

ber, en ákvað að koma á nýju ári. Það var mjög gaman að keyra niður á Landspítala í allri flugeldadýrdinni. Þegar við komum á fæðingardeildina var Jóna Magnea komin með 8 í útvíkkun og hafði misst vatnið áður

en hún komst upp á skoðunarbekkin.

Fæðingin var strembin en hann dafnar vel og er alveg dásamlegur,“ segir Snorri. Mosfellingur óskar fjölskyldunni til hamingju með Þorlák Hrannar.

Sorphirða samkvæmt áætlun í Mosfellsbæ

Almenn sorphirða hefur verið samkvæmt áætlun undanfarið. Hirðutíðni er 14 dagar fyrir matarleifar og blandaðan úrgang og 21 dagur fyrir pappír/pappa og plastumbúðir. Háttíðum fylgir gjarnan meira sorp og er þá bent á grenndarstöðvar við Bogatanga, Vogatungu og Dælustöðvarveg og endurvinnslustöð Sorpu við Blíðubakka. Húsráðendur eru hvattir til að moka frá sorptunnum ef þannig viðrar. Athugið einnig að sorp sem er fyrir utan ílátin er ekki hirt og þá mun sorphirðuadili ekki hirða ílát sem eru með öðrum úrgangi en þeim sem merkingar segja til um. Hægt er að nálgast sorphirðudagatal á www.mos.is.

MOSFELLINGUR
KEMUR
NÆST ÚT
6. FEBRÚAR

mosfellingur@mosfellingur.is

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU

Opið hús

Menningarkvöld 20. janúar 2025 í Hlégarði klukkan 20:00. Kaffinefndin verður svo með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi verður á staðnum).

Íþróttanefnd FaMos

Dagskrá vorannar 2025.

Heilsa og hugur leikfimi fyrir 60+ úti

og inni í íþróttahúsinu að Varmá.13 vikna námskeið þrisvar sinnum í viku. Mánudaga og föstudaga kl. 8, 9, 10 og 11. Miðvikudaga allir hópar saman í Fellinu kl. 9:30. Verð fyrir tímabilið er kr. 18.000. Hefst 13. jan. Skráning hefst mánud. 6. jan. í síma 845 7490 og 895 4656 frá kl. 10 til 12. **Vatnsleikfimi** byrjar 13. janúar í Lágafellslaug. Mánud. kl. 14:10, þriðjud. kl. 14:30, miðvikud. kl. 15:00 og fimmtudag kl. 13:25.

Það þarf að skrá sig í vatnsleikfimina og hefst skráning mánudaginn 6. janúar í síma 895 9610. Verð fyrir tímabilið er kr. 5.000 pr. einu sinni í viku. Posi á staðnum í fyrsta tíma.

Ringó í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:10, byrjar 14. janúar.

Boccia í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga kl. 12:10, byrjar 14. janúar.

Púttæfingar í golfskalanum, neðri hæð. Tímar auglýstir síðar.

Gönguferðir alla fimmtudaga

kl. 10:30 frá Hlégarði.

Gönguferðir einnig á miðvikudögum kl. 11 frá Brúarlandi.

Línudans í Hlégarði, þriðjudaga kl. 14:30.

Pokavarp í Hlégarði, þriðjudaga kl. 13:00.

Jóga verður í Brúarlandi, mánudaga kl. 10. Tímar auglýstir síðar vegna viðgerða á húsnæði.

Gott að eldast – ráðgjafaviðtöl Guðleif Leifsdóttir tengiráðgjafi í verkefninu Gott að eldast verður með fasta viðtalstíma í Brúarlandi á mánudögum kl. 14-15, einstaklingum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á ráðgjöf um farsæla öldrun, upplýsingar um úrræði í nærsamfélaginu, mikilvægi virkni og þátttöku og markmiðssetningu á efri árum. Einnig boðið upp á fræðslu og ráðgjöf varðandi áskoranir sem fylgja hækkingu aldri og leiðum til að draga úr einmanaleika og einangrun. Guðleif er félagsráðgjafi og markþjálfari, hún hefur margra ára reynslu af ráðgjöf til einstaklinga. Hægt er að panta tíma með því að senda tölvupóst á guðleifl@mos.is eða hringja í síma 525-6700.

Gaman Saman

Byrjar á Eirhömrum kl. 13:30 23. janúar og verður á hálfsmánaðar fresti.

Starfsdagur verður 15. janúar og verður því lokað hjá okkur í Brúarlandi þann daginn. Postulínsmálun byrjar 22. janúar kl. 12-15.


Mósaik/Tiffanys byrjar 13. janúar kl. 12-15. Leirnámskeið í Brúarlandi byrjar 16. janúar kl. 11. Leirnámskeið hjá Fríðu á Eirhömrum byrja seinni-partinn í janúar.

Hittumst í Hlégarði byrjar 14. janúar kl. 13-15 og þar verður í boði billjard, pokakast, línudans fyrir byrjendur kl. 14:30, almennur línudans kl. 15 og almenn handavinna og spjall.

Opin myndlistarstofa


Byrjum 22. jan. kl. 11. Við erum komin með fína málningaraðstöðu í Brúarlandi í listastofunni okkar og langar að bjóða þeim sem hafa áhuga að koma saman og nýta sér aðstöðuna til að mála og stunda myndlist á miðvikudögum kl. 11-15. Athugið að þetta er ekki myndlistarnámskeið og er því engin kennari heldur einungis áhugasamt fólk, endilega vertu með.

Ertu með hugmynd að einhverju skemmtilegu til að gera í Brúarlandi? Endilega hafðu samband við okkur og við erum sannarlega til í að hlusta. Nánari upplýsingar um öll námskeið og skráningu gefur Elva eða starfsmenn félagsstarfsins í síma 586-8014/698-0090 eða á elva@mos.is.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður
s. 666 1040 jonass@islandia.is

Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður
s. 899 0378 hanna@smart.is

Þorsteinn Birgisson gjaldkeri
thorsteinn.birgis@gmail.com

Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari
s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi
s. 868 2566 polarafi@gmail.com


Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður
s. 894 5677 igg@simnet.is

Hrund Hjaltadóttir varamaður
s. 663 5675 hrundhj@simnet.is



BESTA FUGMYND DAGSINS

DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ





ÞRETTÁNDINN

Í MOSFELLSBÆ





1. áfangi Blikastaðalands



Opinn kynningarfundur í Hlégarði 13. janúar

Mosfellsbær kynnir deiliskipulag 1. áfanga Blikastaðalands á vinnslustigi. Um er að ræða nýtt íbúðarhverfi að Blikastöðum þar sem markmiðið er að skapa eftirsóknarvert, þétt, blandað og spennandi hverfi með áherslu á nærumhverfið, náttúru, samgöngur og þjónustu. Nýtt hverfi mun innihalda fjölbreytt húsnæði í blandaðri byggð sem mun rísa í kringum gamla Blikastaðabæinn sem verður gerður upp og glæddur lífi.

Gögn eru aðgengileg á skipulagsgatt.is, mál nr. 1010/2023. Umsögnum skal skila með rafrænum hætti í gáttina. Umsagnafrestur er til og með 10. febrúar 2025.

Kynningarfundurinn verður haldinn í Hlégarði, Háholti 2, mánudaginn 13. janúar 2025, kl. 16:30-18:00.

Mosfellsbær

Pverholti 2

525-6700

www.mos.is

ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •
- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is

Herrakvöld Lionsklúbbs Mosfellsbæjar 2025



Í HLÉGARÐI
föstudaginn 7. febrúar 2025
Veislustjóri: Jógvan Hansen



Glæsilegt sjávarréttahlaðborð
Happdrætti - Fjöldi veglegra vinninga

MÁLVERKAUPPBOÐ

Húsið opnar kl. 19:00
Borðhald hefst kl. 20:00

Herrakvöld Lionsklúbbs Mosfellsbæjar er tilvalinn vettvangur fyrir vana- og/eða vinnustaðahópa til að gera sér glaðan dag og styrkja góð málefni í leiðinni.

VIÐ LEGGJUM LIÐ

Upplýsingar og miðapantanir í tölvupósti:
lionsklubburmos@gmail.com

Lionsklúbbur
Mosfellsbæjar



60 ára
1965 - 2025

23 nemendur brautskráðir frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram föstudaginn 20. desember við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans við Bjarkarholt.

Að þessu sinni voru 23 nemendur brautskráðir. Af félags- og hugvísindabraut voru brautskráðir þrír nemendur og þrír af náttúruvísindabraut. Af opinni stúdentsbraut - almennu kjörsviði voru brautskráðir 15 nemendur og af hestakjörsviði tveir.

Í ræðu Valgarðs Más Jakobssonar skólameistara kom fram að áhersla á farsæld í kjölfar innleiðingar farsældarlaga hafi verið mjög ofarlega á baugi undanfarið í FMOS. Hópur kennara við skólann hefur einnig sérmenntað sig í mannkostamennt (Character Education) þar sem áherslan er lögð á að efla dygðir eins og forvitni, seiglu, kurteisi og hugrekki og áfram eru áherslur FMOS í kennsluháttum að vekja töluverða athygli erlendis fyrir að vera í fararbroddi og framúrskarandi.

Í vetur var stofnuð ný braut fyrir nemendur með annað móturmál en íslensku og hófu 16 nemendur nám á brautinni í haust og annar eins hópur byrjar nú um áramót. Einnig var stofnuð ný sérnámsbraut fyrir fatlaða einstaklinga með mikla þjónustupörf sem kallað hefur á töluverðar breytingar á húsnæði.

Að lokum þakkaði skólameistari stúdentum fyrir samstarfið og óskaði þeim hamingju og velfarnaðar í framtíðinni.



Samgöngu-
sáttmálinn

Greiðari samgöngur — allra hagur

OPINN KYNNINGARFUNDUR UM VERKEFNI SAMGÖNGUSÁTTMÁLANS

Félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ,
þriðjudaginn 21. janúar kl. 17:00-18:30

Ríkið og sveitarfélögin sex á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að Samgöngusáttmálanum — metnaðarfullri uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040.

Betri samgöngur og Vegagerðin í samstarfi við Mosfellsbæ efna til kynningarfundar um framkvæmdirnar, stöðu þeirra og framgang.

Íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að mæta og kynna sér verkefni Samgöngusáttmálans — betri og greiðari samgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunamál okkar allra.

Kort af framkvæmdum, myndir og upplýsingar má nálgast í nýrri upplýsingagátt Samgöngusáttmálans [Verksja.is](https://verksja.is)



BETRI
SAMGÖNGUR



Vegagerðin



Mosfellsbær





**DILJA OG STUÐLABANDIÐ HALDA UPPI
STUÐINU FRAM Á NÓTT**

**ÞORRABLÓT AFTURELDINGAR
FYRIR ALLA MOSFELLINGAR
25. JANÚAR**

**NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
...ORFA SÆTI LAUS**

**HÚSIÐ OPNAR KL 18.30
WWW.MIDIX.IS**



VEISLUSTJÓRAR | STEINDI OG AUDDI



TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Félagar í Björgunarsveitinni Kyndli þakka bæjarbúum fyrir stuðninginn á árinu sem var að líða og óska þeim velfarnaðar á nýju ári.

- Kveðja
félagar í Kyndli

✌️ DÚOS

HÁDEGISTILBOÐ LOKA OG GOS AÐ EIGIN VALI 1.990

Gildir frá kl. 10-14



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins:
www.mos.is/storf



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

ALLT FASTEIGNASALA

Sérstniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505



VINAVERKEFNI RAUÐA KROSSINS

Félagslegu verkefni okkar miða að því að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt



HLUTVERK SJÁLFBÓÐALIÐA OKKAR ER FYRST OG FREMST AÐ VEITA FÉLAGSSKAP, NÆRVERU OG HLÝJU

SJÁLFBÓÐALÍÐASTARFIÐ ER UNNIÐ ER ÚT FRÁ ÞÖRFUM NOTENDA HVERJU SINNI OG ÚTFÆRSLUR VERKEFNIS ERU FJÖLBREYTTAR.



VINAHÓPAR

HUNDAVINIR



GÖNGUVINIR



SÍMAVINIR



HEIMASÓKNARVINIR




#FélagslegHeilsaSkiptirMáli



570-4222/570-4226



Rauði krossinn á Íslandi
(raudkrossinn.is)



Helga Dögg
LJÓSMYNDIR

Fyrsta árið • Meðganga • Brúðkaup
Ferming • Börn/fjölskyldur • Útskrift

Báum til minningar

www.helgadogg.is

Nánari upplýsingar verða
aðgengilegar á Facebook síðu
Bókasafns Mosfellsbæjar og
Instagram síðu klúbbsins
@ungbokmos




Bókaklúbbur ungmenna

mun hittast reglulega í
Bókasafni Mosfellsbæjar

Opið öllum á aldrinum
14-20 ára

Næsti hittingurinn verður
mánudaginn 13. janúar kl. 17
í Bókasafni Mosfellsbæjar



Ó!RÓI FJÖLSKYLDUSMIÐJA

í Bókasafni Mosfellsbæjar
laugardaginn 25. janúar kl. 13-15

Ó!Rói er skapandi smiðja fyrir börn og fjölskyldur þeirra með
hönnunarteyminu PYKJÓ. Smiðjan hentar börnum í fylgd
fullorðinna frá 4 ára aldri.

Ekki þarf að skrá sig sérstaklega í smiðjuna, aðgangur er
ókeypis og öll hjartanlega velkomin á meðan húsrúm leyfir.

VILTU KOMA Í

SVAKALEGU

SÖGUSMIÐJUNA?

(ATH! BARA FYRIR BÖRN!)

FINNST ÞÉR GAMAN AÐ SKRIFA
SÖGUR OG/EDA TEIKNA?

Ertu á aldrinum 9-12 ára?


Námskeið á vorönn hefst 20. jan.
í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR
2. hvern mánudag kl. 15:30-17:00

Skráning fer fram á sumar.vala.is
Öll velkomin!

BLÆR



EVA RÚN



SVAKALEGA
SÖGUSMIÐJAN

SÝNINGAROPNUN
11. JAN. KL. 14

ég
er
hér

11. jan. - 7. feb. 2025
Alda Rose Cartwright
Listasalur Mosfellsbæjar

Listasalur Mosfellsbæjar



Pverholt 2, 270 Mosfellsbær

20% AFSLÁTTUR

tilboð alla vikuna



MÁN

Ungnautahakk

100% hreint íslenskt kjöt



-20%

-20%



Hakkabollur

í orientalsósu (*elduð vara*)

ÞRI

MID

Nautapottréttur

í strokanoffsósu (*elduð vara*)



-20%

-20%



Grísasamloka

gamla góða (*elduð vara*)

FIM

FÖS

Ungnautalund

í steikum í trufflusveppamarineringu



-20%

-20%



Ungnauta file

í Black garlic marineringu

LAU

Þetta er ótrúlega gaman og gefandi

Þorrablót á uppruna sinn að rekja til 19. aldar, íslensk veisla með þjóðlegum mat, drykkjum og siðum. Mosfellingar láta ekki sitt eftir liggja í þeim efnum en þorrablót Aftureldingar er orðinn fastur liður hjá mörgum bæjarbúum í janúar. Óhætt er að segja að blótið sé einn stærsti viðburður sem fram fer innandyrna í Mosfellsbæ ár hvert en það var endurvakið í núverandi mynd árið 2008.

Ása Dagný Gunnarsdóttir forseti þorrablótnefndar segir undirbúning blótsins ganga vel og það stefni í metþátttöku í ár.

Ása Dagný fæddist í Reykjavík 13. janúar 1975. Foreldrar hennar eru Kolbrún Jónsdóttir verkakona og Gunnar Guðmundsson raftæknir en þau eru bæði látin.

Hálfbróðir Ásu Dagnýjar, samfeðra, er Steinn Gunnarsson f. 1970, kennari.

Erfiður tími í okkar lífi

„Ég bjó í Breiðholti fyrstu fimm ár ævi minnar en árið 1980 fluttum við fjölskyldan í Mosfellssveit en við bjuggum í Garði við Álafossveginn. Það var gott að alast hér upp, umhverfið frjálst, fullt af krökkum í hverfinu og alltaf nóg um að vera.

Þegar ég var 12 ára þá breyttist líf mitt í einni svipan, þá lést faðir minn ásamt þremur öðrum í flugslysi á Blönduósi. Við tók mjög erfiður tími í lífi okkar mömmu og hagir okkar breyttust í kjölfarið.“

Spiluðum fótbolta út í eitt

„Ég gekk í Varmárskóla og leið almennt vel í skólanum, var í sama bekknum upp í 12 ára bekk en þá færðumst við yfir í Gaggó Mos og þá var okkur skipt upp í nýja bekk. Við spiluðum fótbolta í frímínútum út í eitt sem okkur fannst ekki leiðinlegt.

Á sumrin lék maður sér á leikja- og fótboltanámskeiðum og á unglingsárunum vann maður víða á sumrin og með námi m.a. í unglinga- og bæjarvinnunni, Álafossi, sjoppum og veitingastöðum og í fiskbúð. Ég var líka leiðbeinandi á leikjanámskeiðum.

Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla fór ég í Fjölbrotaskólann í Breiðholti á íþróttabraut og útskrifaðist 1995. Þaðan fór ég svo í íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og fór svo í sjúkrapjálfun við HÍ og lauk námi þaðan 2004. Ég tók einnig námskeið hjá KSÍ til UEFA-B gráðu í pjálfun.“

Erum dugleg að hreyfa okkur

Eiginmaður Ásu Dagnýjar er Jón Smári Pétursson rafvirkir, þau giftu sig árið 2006. Þau eiga þrjá syni, Gunnar Smára f. 2005, Arnar Dag f. 2007 og Steinar Kára f. 2010. „Við fjölskyldan erum dugleg að hreyfa okkur, förum á skíði og spilum golf. Synir okkar eru allir í íþróttum og við Jón erum dugleg að fylgja þeim eftir á knattspyrnumótum og í öðrum keppnum.

Ég spila blak í dag en var í fótbolta, handbolta og badminton sem barn og unglíngur. Ég var íþróttastelpa fram í tær og fingur-



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

góma,“ segir Ása og brosir. „Ég spilaði fótbolta til 25 ára aldurs og fór svo aftur að spila um feruttugt með Hvíta Riddaranum.

Ég var líka knattspyrnuþjálfari hjá Fram á árunum 1996-2001.

Ég flækist stundum með hlaupahópnum Morgunfuglum og svo fer ég reglulega á Úlfarsfellið og í aðrar göngur. Áð öðru leyti finnst mér gott að vera í rólegheitunum heima þegar tækifæri gefst.“

Starfsemin svipuð og áður

Eftir að Ása Dagný útskrifaðist sem sjúkrapjálfi hóf hún störf á Reykjalundi. Hún var þá ófrísk að elsta syninum en eftir fæðingarorlof færði hún sig yfir á Landspítalann. Þar starfaði hún í tólf ár, á hjarta- og lungnaskurðeild og krabbameinsdeildunum.

„Árið 2016 starfaði ég samhliða á Heilsuborg og Landspítalanum en færði mig svo alfarið yfir á Heilsuborg 2018. Fyrirtækið varð gjaldþrota korter í Covid en tveir af samstarfsmönnum mínum stofnuðu þá Sjúkraþjálfunina Stíganda og héldu úti svipaðri starfsemi og áður. Okkur hefur þó fjölgað töluvert en við erum 20 starfsmenn í dag.

Við erum með frábæra aðstöðu, tækjasal og möguleika á hópþjálfun. Ég hef oft sagt að ég sé ofanþindar sjúkrapjálfi því ég

hef mikinn áhuga á hjarta- og lungnaþjálfun en er líka töluvert að vinna með kjálka-, axla- og hálsvandamál.“

Horfir til betri vegar

Ása Dagný er öllum hnútum kunnug hjá Aftureldingu bæði sem iðkandi og sjálfboðaliði, hún var í barna- og unglíngaráði hjá knattspyrnudeildinni í sjö ár og þar af þrjú ár sem formaður. Hún var útnefnd vinnuþjarkur Aftureldingar 2018 á uppskeruhátíð félagsins.

„Iðkendum hefur fjölgað mikið undanfarin ár með tilheyrandi áskorunum en helsta vandamálið er æfingaaðstaðan en hún batnaði samt mikið þegar Fellið var tekið í notkun. En það horfir til betri vegar þegar gervigras verður sett á gamla aðalvöllinn og sennilega verður sú aðstaða fullnýtt um leið og hún verður tekin í notkun.“

» **Það er ólýsanleg tilfinning að horfa yfir salinn þegar allir eru búnir að skreyta og allt er að smella.**

Stefnir í stærsta blót frá upphafi

Ása Dagný kom inn í þorrablótnefnd Aftureldingar árið 2016 og tók við sem forseti nefndarinnar 2023. Hún segir að í ár stefni í stærsta blót frá upphafi.

„Það hefur verið ótrúlega gaman og gefandi að starfa í þessari nefnd undanfarin ár. Undirbúningur fyrir svona blót hefst nánast um leið og blóti lýkur ár hvert en fer svo á fullt frá september og fram í janúar. Það er svo margt sem þarf að huga að eins og að bóka aðstöðuna, panta listamenn, hljóðmenn, borðbúnað og fleira til.

HIN HLIÐIN

Besta gjöf sem þú hefur fengið?

Myndabækurnar sem eiginmaðurinn tók upp á að gera og gaf mér.

Leiðinlegasti dagur vikunnar?

Þriðjudagur, engin skipulögð hreyfing og slatti eftir af vikunni.

Skemmtilegasta gangan?

Úlfarsfellið í góðum félagsskap, hvort sem það er spjallað alla leiðina eða reynt að halda í við Morgunfuglana, hlaupahópin minn.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Sennilega enn þá að sjúkrapjálfast í einhverri mynd og svo verða kannski komin einhver barnabörn sem maður hefur vonandi orku til að sinna.

Best á grillið?

Lúðupíparsteik sem ég fæ allt of sjaldan.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?

Hreyfa mig með fjölskyldunni og vinum, skíði, golf, göngur, blak og hjóla.

Uppáhaldssjónvarpsefni?

Glæpaþættir.

Hvað heillar þig í fari fólks?

Einlægni og yfirvegum, svona rólegt fas, hlý nærvera og líka falleg augu.



FJÖLSKYLDAN Í TYRKLANDI



VIÐ FJADRÁRGLJUFUR



MED FORELDNUM SÍNUM

Þorrablótíð er orðið fastur liður hjá Mosfellingum í janúar, barna hittir maður gamla kunningja og skólafélaga, foreldra iðkenda í barna- og unglíngastarfinu og svo er nýjum Mosfellingum á blótinu alltaf að fjölga.

Þar sem blótið fór stækkandi með ári hverju þá ákváðum við 2023 að nýta allan salinn í íþróttahúsinu að Varmá. Blótið okkar hefur það umfram önnur blót að við bjóðum gestum að mæta í hádeginu á blótsdegi og skreyta borð sín. Þar byrjar stemningin og eftirvæntingin, margir búnir að vera að undirbúa skreytingar í langan tíma og metnaðurinn er svakalega mikill,“ segir Ása og brosir.

Bjóðum alla velkomna

„Það hafa skapast hefðir hjá okkur, hópar mæta saman og margir hafa komið ár eftir ár. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt að tilheyra einhverjum hópi til að geta mætt, við bjóðum alla Mosfellinga sem og aðra velkomna.

Það er algjörlega ólýsanleg tilfinning að horfa yfir salinn þegar allir eru búnir að skreyta og allt er að smella, þá er undirbúningi þorrablótnefndar lokið og stutt í að gleðin taki völd,“ segir Ása Dagný með bros á vör en við kveðjumst.



Fjölskyldan: Gunnar Smári, Jón Smári, Steinar Kári, Ása Dagný og Arnar Dagur.



Leiðtogi upplýsingatækni



Vilt þú taka þátt í umbyltingu á upplýsingatækni-umhverfi?

Mosfellsbær er á spennandi vegferð við að umbreyta upplýsingatækni-umhverfi sínu og í því felast mikil tækifæri til að hafa áhrif og leiða breytingastjórnun hjá einu stærsta sveitarfélagi landsins.

Leiðtogi í upplýsingatækni-málum mun gegna lykilhlutverki í að sameina upplýsingatækni-umhverfi Mosfellsbæjar og móta framtíðarsýn í UT þjónustu og kerfisrekstri.

Nýlega var gerð úttekt á upplýsingatækni-umhverfi bæjarins og ljóst er að spennandi verkefni bíða nýs leiðtoga.

Nánari upplýsingar um starfið á www.mos.is/storf

Mosfellsbær

Pverholti 2

525-6700

www.mos.is



2024!

TAKK FYRIR SAMFYLGDINA Á ÁRINU

MOSFELLINGUR





Afturelding spilar opunarleikinn

Afturelding spilar á þessu ári í fyrsta skipti í sögunni í Bestu deild karla í fótbolta. Afturelding spilar opunarleik mótsins gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks en leikurinn fer fram laugardaginn 5. apríl. Tveir heimaleikir fylgja í kjölfarið gegn ÍBV og Víkingi R. en þeir leikir eru 13. og 24. apríl. Undirbúningurinn er á fullu fyrir komandi tímabil og á morgun, föstudaginn 10. janúar, mætir Afturelding liði Breiðabliks á Malbikstöðinni að Varmá klukkan 18:00 í æfingamótinu Þungavigtar-bikarnum.



Kraftlyftingánám-skeið fyrir konur

Kraftlyftingakonan Hrund Scheving verður með námskeið í Ólympískum lyftingum fyrir konur. KraftMos stendur fyrir námskeiðinu sem fram fer að Varmá á miðvikudögum kl. 18:30. Námskeiðið stendur yfir í mánuð og hefst á þriðjudaginn. Skráning fer fram í gegnum netfangið hjaltiar@simnet.is.

Íþróttafólk Mosfellsbæjar heiðrað í dag

Íþróttafólk Mosfellsbæjar 2024 verður heiðrað við hátíðlega athöfn í Hlégarði í dag, fimmtudaginn 9. janúar kl. 17:00. 25 tilnefningar bærust að þessu sinni. Bæjarbúar og Íþrótt- og tólmstundanevnd kusu úr hópi 10 efstu tilnefndu kvenna og 10 efstu karla og valið verður kynnt í Hlégarði. Sömuleiðis verður kunngjört um val á þjálfara ársins, liði ársins og sjálfbóðaliða ársins, en íþróttafélögum bæjarins og bæjarbúum gafst fyrir áramót kostur á senda inn tillnefningar til þeirra viðurkenninga.

Thelma Dögg og Þorsteinn Leó sköruðu fram úr á árinu 2024



Mikið um að vera hjá Badmintondeildinni



JÓLAMÓT UNGLINGA

Í desember var haldið einliðaleiksmót í Lágafelli fyrir krakka í 6.-10. bekk. Spilað var í 6 riðlum þar sem raðað var eftir styrkleika þannig að allir fengu 2-3 leiki. Að leikslokum var svo verðlaunaafhending og piparkökur.

Helgina 4.-5. janúar átti Afturelding fjölda spilara á Meistaramóti TBR. Þetta var fyrsta stóra mót ársins en það gefur stig á fullorðinsmótaröðinni. Árangur vetrarins lét ekki á sér standa en Afturelding sótti þrenn af fimm gullverðlaunum í 2. deildinni (ásamt einum silfurverðlaunum) og bætti svo við gulli og silfri í 1. deildinni.

Sunna Karen og Anna Bryndís gerðu sér lítið fyrir og unnu tvö gullverðlaun.



SUNNA KAREN OG ANNA BRYNDÍS SIGURSÆLAR

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

ÍPRÓTTAFÓLK AFTURELDINGAR

Uppskeruhátíð Aftureldingar var haldin 27. desember síðastliðinn í Hlégarði þegar kunnngjörð voru úrslit íþróttakarla og -konu Aftureldingar 2024.

Fjöldi annarra viðurkenninga var veittur, bæði íþróttafólkinu okkar og sjálfbóðaliðum.

Tilnefningar í íþróttakjöri Aftureldingar:

Blak: Thelma Dögg Grétarsdóttir og Hafsteinn Már Sigurðsson

Fimleikar: Vala Björg Arnarsdóttir og Guðjón Magnússon

Handbolti: Saga Sif Gísladóttir og Þorsteinn Leó Gunnarsson

Karate: Þórður Jökull Henrysson

Knattspyrna: Hildur Karítas Gunnarsdóttir og Bjartur Bjarmi Bjarkason

Taekwondo: Aþena Rán Stefánsdóttir og Wiktor Sobczynski

Thelma Dögg Grétarsdóttir

Íþróttakona Aftureldingar er Thelma Dögg Grétarsdóttir. Hún var kosin besti íslenski leikmaðurinn í Unbrokeindeild kvenna eftir síðustu leiktíð. Hún var einnig kosin besti dítinn (bara ein staða) eftir síðustu leiktíð. Thelma átti stóran þátt í bikarmeistaratitli kvinnaliðs Aftureldingar þegar liðið vann KA í úrslitaleik Kjörísbikarsins þar sem hún skoraði 31 stig í þeim leik og var valin mikilvægasti leikmaður mótsins. Thelma Dögg var fyrirliði A landsliðs kvenna sem tók þátt í fyrsta skipti í Silver League keppni Evrópu sl. vor. Í janúar 2024 var hún valin blakkona ársins af Blaksambandi Íslands.

Thelma Dögg er uppalin í Aftureldingu og í Mosfellsbæ og hefur spilað með meistaraflakki félagsins síðan liðið var stofnað



FÉLAGAR ÚR MEISTARAFLOKKS-RÁÐI KARLA Í KNATTSPYRNU



LEIFUR GUÐJÓNSSON VINNUPJARKUR 2024

haustið 2011. Thelma hefur mikinn metnað fyrir sína hönd og fyrir hönd Aftureldingar og leggur mikið á sig til að standa sig í íþrótt sinni. Hún er alltaf boðin og búin til að aðstoða við hvað sem þarf. Núna sér Thelma Dögg um hugarþjálfun og markmiðssetningu fyrir alla hópa innan blakdeildarinnar. Thelma er mikil fyrirmynd yngri iðkenda og ekki bara innan Aftureldingar heldur á landsvísu og er eitt stærsta nafn í blakinu á Íslandi.

Þorsteinn Leó Gunnarsson

Íþróttakarl Aftureldingar er Þorsteinn Leó Gunnarsson handboltamaður. Hann var lykilmáður í liði Aftureldingar sem náði frábærum árangri leiktímabilið 2023-2024. Liðið lenti í 2. sæti í deildarkeppninni, rétt á eftir FH. Afturelding lék feiknaveið í úrslitakeppninni og vann m.a. eitt sigur-

sælsta liðið hérlendis undanfarin ár, Val, í undanúrslitunum þar sem Þorsteinn var yfirburðaleikmaður. Afturelding spilaði svo eftirminnilega til úrslita við FH þar sem Þorsteinn fór fyrir sínu liði í hörkueinvígi sem FH sigraði að lokum. Afturelding endaði því í öðru sæti í deild og í úrslitakeppninni og var Þorsteinn lykilmáður á öllum vígstöðvum.

Þorsteinn hefur verið einn efnilegasti leikmaðurinn í handboltnum undanfarin ár og kom það því ekki á óvart þegar stórlíð Porto sótti Þorstein í sumar þegar félagið keypti Þorstein frá Aftureldingu. Porto er eitt af stórlíðunum í handboltnum, hefur verið eitt besta lið Portúgals undanfarin ár og spilað á meðal fremstu liða í Evrópukeppninni. Þorsteinn hefur spilað feykivel með Porto síðan hann hóf að spila með þeim í atvinnumennskunni.

Aðrar viðurkenningar sem voru veittar:

Vinnupjarkur Aftureldingar 2024:

Leifur Guðjónsson

Starfsbikar UMFÍ: Meistaraflokksráð

karla í knattspyrnudeild

Hópabikar UMSK: Bikarmeistarar

meistaraflokks kvenna í blaki

Hvatabikar aðalstjórnar: Íslandsmeistarar

arar í 3. flokk karla í handknattleik, 9. flokkur karla í körfuknattleik og Guðjón Magnússon, Evrópumeistari í blönduðum hópi í fimleikum unglinga

Sérstakar þakkir: Fasteignasala Mosfellsbæjar

Þjálfarar ársins: Magnús Már Einarsson

Afrek ársins: Meistaraflokkur karla í knattspyrnu

Þá veitti aðalstjórn Aftureldingar iðkendum sem hafa tekið þátt í landsliðsverkefni árið 2024 rós.



JÖKULL OG RÓBERT FARA YFIR MÁLIN

AZTIQ verður aðal styrktaraðili fótoltans ásamt KALEO

Þriggja ára samningur við Róbert Wessman

AZTIQ hefur gengið frá þriggja ára samkomulagi við Aftureldingu um að vera aðalstyrktaraðili meistaraflakka karla og kvenna hjá félaginu ásamt KALEO.

Þetta var tilkynnt við hátíðlega afhöfn í Hlégarði fyrir jól þar sem góðgerðarsamkoman Rauðu jólin fór fram.

Hjálpa liðinu að taka næstu skref

„Það er með stolti sem við kynnum að AZTIQ verður ásamt Jökli og félögum framán á treyjum Aftureldingar næstu árin,“ segir Róbert Wessman, stofnandi, forstjóri og eigandi fyrirtækisins.

„Ég ólst upp í Mosfellsbæ og hjartað leit þangað. Það hefur verið mjög gaman að sjá uppganginn í fótboltnum í Mosfellsbæ og það er mikil stemning og meðbyr með Aftureldingu. Við viljum taka þátt í þessu

spennandi verkefni næsta árin og reyna að hjálpa liðinu að taka næstu skref.“

Samstarfið ótrúlega skemmtilegt

Jökull Júlíusson tekur í sama streng og segir samstarfið við Aftureldingu hafa verið ótrúlega skemmtilegt undanfarin ár.

„Það hefur verið mjög gaman að taka þátt í stemningunni sem er í kringum fótoltann. Áhuginn hefur vaxið gríðarlega í takt við bættan árangur og það verður ótrúlega gaman að sjá Aftureldingu í Bestu deild karla í fyrsta skipti næsta sumar.

Það að fá Róbert og hans fyrirtæki með okkur í Mosó stemninguna er frábært og við hlökkum til að kynna nýja og glæsilega Aftureldingar búninga fyrir næsta tímabil. Við Róbert höfum átt í farsælu samstarfi og núna er þetta orðin ein stór fjölskylda.“



Íslenskar værdarvoðir og púðaver frá Ístex

Nýársávarp bæjarstjóra Mosfellsbæjar

Tökum framtíðina í okkar hendur

Gleðilegt nýtt ár kærur Mosfellingar! Það er eitthvað heillandi við nýársólinu sem vermir okkur þessa fyrstu janúardaga og gefur fyrirheit um bjartari framtíð. Aðventan og jólin að baki með jólaskeytingum sem lýsa upp umhverfið í myrkasta skammdeginu.

Desember er skemmtilegur tími í starfi bæjarstjóra, það er mikið um viðburði á vegum bæjarins, kirkjunnar, félagasamtaka og annarra sem er mjög gefandi og mikilvægt að taka þátt í. Hér voru margir markaðir haldnir, tónleikar, aðventukvöld og fleira sem gladdi hugann.

Sá árstími sem nú er runninn upp er hinsvegar tími fyrirheita og framkvæmda og eftir því sem sólin skín hærra á lofti; þeim mun hærra orkustig.

Bæjarstjórn samþykkti á árinu að ganga til samninga við Malbikstöðina og Íslenska gámafélagið um snjómokstur og viðmiðum var breytt í nýjum samningum með það að markmiði að bæta þjónustuna. Þá var ákveðið að leggja aukna áherslu á gönguleiðir sem bærinn sjálfur annast og bætt við nýju snjómoksturstæki fyrir þjónustustöðina. Það hefur svo sannarlega reynt á okkar fólk þessa síðustu daga í desember og þá fyrstu í janúar og bæði verktakar og starfsmenn bæjarins eiga hrós skilið fyrir góða vinnu.

Talandi um snjó þá eru það oft litlu verkefni sem gleðja. Á árinu gerðum við samning við Icebike Adventure sem halda úti facebook síðunni Sporid um lagningu gönguskíðabrauta við Blikastaði og á Hafravatni. Þetta vakti mikla lukku og við höldum því áfram í vetur.

Annað gleðilegt verkefni sem var unnið með sömu aðilum var lagning fjallahjólbrautar í Ævintýragarðinum. Hjólbrautin sem er um eins kílómetra löng var mjög vinsæl í sumar og er skemmtileg viðbót við útivistarmöguleika í bænum. Þá var frísbíggjuföllurinn færður til og stækkaður og það er svo sannarlega hægt að mæla með heimsókn þangað.



BÖRNIN OKKAR

Menningin hefur blómstrað sem aldrei fyrr á liðnu ári og þar hefur Hlégarður leikið stórt hlutverk og hver viðburðurinn rekið annan. Ég held að það ríki mikil sátt á meðal bæjarbúa um þá ákvörðun Mosfellsbæjar að taka yfir reksturinn, en á árinu var farið í breytingar innanhúss sem hafa skapað hlýlegri umgjörð og aukið notagildi hússins.

Annað sögufært hús í bænum, Brúarland, fékk einnig nýtt hlutverk á árinu, þegar félagsstarf aldraðra og FAMOS fluttu inn með sína starfsemi, en 1. og 2. hæð hússins hafa verið endurgerðar. Félagsstarfið nýtur sín afar vel í fallega uppgerðu húsinu og það ríkir almenn ánægja á meðal eldri borgara með þessa ráðstöfun.

Húsin Hlégarður og Brúarland eru vissulega falleg og söguleg umgjörð utan um starfsemina, en hjartað í blómlegu starfi beggja húsa er starfsfólk sem leggur líf og sál í verkefnið. Fyrir það ber að þakka. Sama má segja um okkar góða Bókasafn og listasafn, þar hefur mjög fjölbreytt starfsemi verið á árinu.

Í haust fékk Listaskólinn í Mosfellsbæ nýjan flygil sem er staðsettur í Hlégarði en skólinn blómstrar sem fyrr

undir forystu okkar góða skólustjóra og kennara. Barnadjasshátíðin í Mosfellsbæ var haldin í annað sinn í vor og Skólahljósveit Mosfellsbæjar hélt upp á 60 ára afmæli sitt með flottum tónleikum í Hlégarði.

Einn af eftirminnlegustu viðburðum ársins var útnefning heiðursborgara Mosfellsbæjar þar sem Birgir D. Sveinsson fyrrum skólustjóri Varmárskóla og stjórnandi skólahljósveitarinnar í 40 ár var útnefndur við háttíðlega athöfn við Varmárlaug á Þjóðhátíðardaginn. Skólahljósveitin lék einmitt í fyrsta sinn opinberlega við vígslu laugarinnar þann 17. júní 1964.

Það má segja að árið 2024 hafi einnig verið viðburðaríkt þegar kemur að íþróttunum. Íþróttafólkið okkar hefur staðið sig afburðavel á árinu. Við fylgdu stórum gríðarlega stolt með ólympíufaranum okkar í kúluvarpi, Ernu Sólreyju Gunnarsdóttur, sem stóð sig afar vel og allt ætlaði um koll að keyra þegar meistaraflakkar karla í fótbolta fór upp í efstu deild. Meistaraflakkar kvenna í blaki vann deildarbikarinn og meistaraflakkar karla í handbolta fékk silfrið á Íslandsmótinu. Þá er íþróttafólkið okkar í einstaklingsgreinum að gera mjög góða hluti eins og tilnefningarársins bera glöggvitni um.

» **Einn af eftirminnlegustu viðburðum ársins var útnefning heiðursborgara Mosfellsbæjar þar sem Birgir D. Sveinsson fyrrum skólustjóri Varmárskóla og stjórnandi skólahljósveitarinnar í 40 ár var útnefndur við háttíðlega athöfn.**

Í vor og sumar voru haldin fjögur stór íþróttamót í Mosfellsbæ. Íslandsmeistaramót í skák, öldungamót Blaksambands Íslands, Íslandsmót barna og unglinga í hestaíþróttum og alþjóðlegt golfmót eldri kylfinga.

En við erum víðar með öflugt sjálfbodastarf en í íþróttunum. Meðal annars í Leikfélagi Mosfellssveitar sem setti upp tvær metnaðarfullar sýningar á árinu, Línu langsock og Y1. Þá er öflugt ungmennastarf hjá skátunum og björgunarsveitinni Kyndli. Svona félög eru hverju samfélagi ómetanleg og mörg ungmenni sem finna sína fjöli í slíkum félagsskap. Við sem samfélag misstum mikið þegar Sigurður Kristófer McQuillan Óskarsson formaður björgunarsveitarinnar Kyndils lést við æfingu í byrjun nóvember. Blessuð sé minning hans.

Mörg stór verkefni voru kláruð á árinu 2024 eins og gagnegar endurbætur á jarðhæð Kvíslarskóla og nýr búsetukjarni fyrir fatlaða einstaklinga í Úgötu var tilbúinn í lok árs. Þroskahjálpar byggði húsið fyrir Mosfellsbæ. Endurbótum á Reykjakoti var lokið á árinu en þær fólust í byggingu eldhúss og aðstöðu fyrir starfsfólk í nýrri byggingu. Þá er verið að ljúka við íþróttasal og búningsherbergi í Helgafellsskóla og bygging leikskóla í Helgafellshverfinu er langt komin, en það verkefni og endurgerð Varmárvallar eru stærstu uppbyggingarverkefni bæjarins þessi misserin. Þá var hafist handa við gatnagerð á athafnasvæði Reita við Korputún og gatnagerð lokið í 5. áfanga í Helgafellshverfi ásamt yfirborðsfrágangi og gerð leikvallar í 4. áfanga sem fyrirtækið Bakki annaðist.

Starfsfólkið okkar í leik- og grunnskólum, félagsmiðstöðvum og velferðarþjónustu vinnur stóra og smáa sigra á hverjum degi í kennslu og umönnun en við vorum gríðarlega stolt þegar Helgafellsskóli fékk íslensku menntaverðlaunin fyrir verkefnið Snjallræði en þær Rósa Ingvarsdóttir skólustjóri og Málfríður Bjarnadóttir

helsti hvatamaður verkefnisins tóku á móti verðlaununum. Þá var Dóra Wild á Hlaðhömrum einnig tilnefnd sem kennari ársins fyrir framúrskarandi starf.

En árið 2024 átti vissulega sínar dimmu hliðar, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi. Jarðhræringarnar á Reykjanesskaga og stríðsátök sem herja víða um heiminn, meðal annars í Úkraínu og á Gasa. Þá eru blikur á lofti í öryggis- og varnarmálum sem við sem þjóð þurfum að taka alvarlega.

Hér á Íslandi fór samfélagið í dimma dali þegar ung stúlka í blóma lífsins lést eftir hnífstunguárás á menningarnótt og skömmu síðar féll önnur ung stúlka, þar sem grunur leikur á um morð af nánnum fjölskyldumeðlim. Þá eru ótalin öll þau ungmenni og það unga fólk sem hefur fallið frá, vegna ofneyslu fíkniefna eða vegna sjálfsvíga. Þær tölur hafa vaxið með ískyggilegum hraða og það er ljóst að við verðum sem samfélag að veita þessum málum, ofbeldi á meðal barna og ungmenna, vímuefnavanda og geðheilbrigðismálum miklu meiri gaum. Við höfum hreinlega ekki efni á sem þjóð að missa ungt fólk í blóma lífsins.

Tilkynningum til barnaverndar í Mosfellsbæ fjölgaði um tæplega 50% á árinu og enda í 770 tilkynningum þar sem um 300 börn eiga í hlut. Það eru of háar tölur og ljóst að við verðum líka að bregðast við í okkar kerfi, til að fyrirbyggja frekari þróun í þessa átt.

Það var því gleðilegt skref þegar bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 27 aðgerðir undir heitinu Börnin okkar og leggur 100 milljónir aukalega í forvarnir á árinu 2025.

Ég hef að undanförunu haldið fundi með kennurum og öðru starfsfólki skólanna í Mosfellsbæ til að kynna verkefnið og átt frábær samtöl við skólafólkið okkar um þessi skref sem við erum að taka. Þá hafa foreldrar tekið vel í aukna þátttöku og foreldrarólt haustsins farið afar vel af stað.

Við ráðum ekki við náttúruöflin og höfum takmörkuð áhrif á gang heimsmála, vegna smáðar samfélagsins. Við ráðum hinsvegar við það verkefni að búa börnum og ungmennum betri umgjörð til að tryggja vellíðan þeirra og öryggi. Það er ákvörðun sem við getum tekið.

Tökum því höndum saman, öll sem eitt í því að viðhalda hér góðu og barnvænu sveitarfélagi í Mosfellsbæ. Ekkert getur verið mikilvægara en það.

Að endingu vil ég þakka ykkur öllum fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða, íbúum, starfsfólki Mosfellsbæjar, kjörnum fulltrúum, forsvarsfólki félagasamtaka og stofnana, fyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum.

Megi árið 2025 verða ár friðar og farsældar.

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri Mosfellsbæjar



Gleðilegt nýtt ár!

Internet



Námsmenn fá heimanet á besta verðinu og bíopassa í Laugarásbíó.

Frá 7.000 kr. /mán

Skoða

Farsími



Ótakmarkað net, símtöl og skilaboð og ótakmörkuð símtöl til 40 landa.

Frá 1.990 kr. /mán

Skoða

Pakkar



Settu saman pakka fyrir heimilið eða fáðu aðstoð frá Internetinu!

Skoða



Heimanet



Farsími



Ferðanet



Heimasími



Námsmenn



Fyrirtæki



Hringdu



TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Félagar í Björgunarsveitinni Kyndli þakka bæjarbúum fyrir stuðninginn á árinu sem var að líða og óska þeim velfarnaðar á nýju ári.

- Kveðja
félagar í Kyndli



FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612




www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



REYNSLA - ÁRÆÐNI - VANDVIRKNI -
KRAFTUR - ÞOR - ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



SteinTeppi.is

Gölfefna lausnir
fyrir heimili
og fyrirtæki

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600



S: 660 0770 - www.aftak.is



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is



JÖKULL OG TELMA MEÐ SÍNUM
NÁNUSTU Í BETRI STOFUNNI

Ágóði til Krabbameinsfélagsins • Jólapeysubema og skemmtun

Jökull hélt Rauðu jólin hátíðleg í Hlégarði



JÖKULL OG JÓNIUS MEYVANT

Jökull Júlíusson í Kaleo stóð fyrir góðgerðarviðburðinum Rauðu jólin í Hlégarði fimmtudaginn 19. desember.

„Ég hef haldið í það að vera á Íslandi um jólin. Verandi á ferðinni stóran hluta ársins, þá er svo mikilvægt að koma fólki saman í þægilegu umhverfi og gera eitthvað skemmtilegt.

Svo þróast þessi árlegi hittingur í Rauðu jólin, þar sem markmiðið er að gefa til baka og nýta þennan mikilvæga tíma með sínu fólki,“ segir Jökull.

Markmið Rauðu jólanna er að safna fyrir góðum málstað og í ár rennur allur ágóði til Krabbameinsfélags Íslands. Haldið var uppboð og veglegir hlutir frá styrktaraðilum voru boðnir upp.



EINAR OG DR. VICTOR



MOSFELLINGAR Í GÓÐUM GÍR



HILMAR, JÖKULL, DION OG GEORG



JOLASTEMNING

Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast í matvælavinnslu
í Mosfellsbæ.

Frekari upplýsingar í síma 897-3236 eða raggi@nonnilitli.is



Pverholti 8 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6614 Fax 566 6617
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is

ARBOR
BYGGINGAVERKTAKI

Vilt þú kynast starfsemi
Lionshreyfingarinnar?



Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

var stofnaður 18. mars 1965 og nú á árinu 2025
fögnum við því 60 ára afmæli klúbbsins.

Við tökum alltaf fagnandi á móti þeim sem áhuga hafa
á að kynna sér starfsemi klúbbsins og Lionshreyfingarinnar
og vonandi ganga til liðs við þetta gefandi félagsstarf.

Við leitum að nýjum félögum á öllum aldri!

Kynningarfundur

fimmtudaginn 23. janúar n.k. kl. 19:00

í Safnaðarheimili Lágafellssóknar.

Boðið verður uppá léttar veitingar

Sérstaklega góður andi er í klúbbum sem
spannar vítt aldursbil félagsmanna.

Lionsklúbburinn leggur fjölda góðra
málefna lið á hverju ári. Stærsta fjáröflun
klúbbsins er árlegt herrakvöld í Hlégarði.

Lionsklúbbur
Mosfellsbæjar



60 ára
1965 - 2025

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í tölvupósti:
lionsklubburmos@gmail.com

VIÐ LEGGJUM LIÐ

BÓLID

**JANÚAR
2025**

MÁN VARMÁBÓL	ÞRI LÁGÓ & HELGÓ	MÍÐ VARMÁ & LÁGÓ	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
		1 LOKAD	2 LOKAD	3 LÁGÓ NÝÁRS KÓSY
6 PRETTÁNDABRENNA & KÓSY EFTIR Á	7 06,07,08 kvöld!	8 SPILAKVÖLD	9 TRÚNÓ KVÖLD	10 VARMÁ lokað v. starfsdags
13 FÖNDURKVÖLD & PING PONG	14 BRJÓSTYSKURSGERÐ (helgó)	15 Bannað að HLÆJA	16 ÍS KVÖLD	17 HELGÓ RAFMAGNISLAUS OPNUN (FELULEIKUR)
20 SKREYTA RAVEBOLI	21 SKREYTA RAVEBOLI	22 RAVEBALL	23 STAR WARS MARAPON	24 LÁGÓ BLIND TASTE TEST
27 HJARTSLÁTTUR	28 BRJÓSTYSKURSGERÐ (lágó)	29 BRJÓSTYSKURSGERÐ (varmá)	30 STAR WARS MARAPON VOL2	31 VARMÁ MORGUNKORNSKVÖLD

OPIÐ ÖLL KVÖLD
FRÁ KL 19:30-21:45

[instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)

HEILSUMOLAR GAUA



100% SAMVERA

Lífið er þúsl. Vinna, skóli, verkefni, áhugamál, æfingar, fjölskylda, vinir, viðburðir og svo framvegis. Það getur verið snúið að láta plön ganga upp, ná því sem maður ætlaði að ná. Oftar en ekki kemur eitthvað upp á sem breytir plönnum, eitthvað óvænt sem þarf að sinna eða tækla. Ég á stundum erfitt með þetta. Finnst best að byrja daginn snemma, hafa góðan tíma til að sinna sjálfum mér, fara í gegnum morgunrútnuna mína. Það gengur ekki alltaf upp. Ég er að verða að betri í að tækla þetta, er kominn með ör-morgunrútnu sem viðheldur venjum og að rúlla hratt í gegnum hana er miklu betra en að gera ekki neitt.

Samvera með fjölskyldunni gefur mér mikið og er í forgangi hjá mér. Ég upplifði í vikunni mjög góða samverustund með afastrákunum mínum. Var búinn að taka að mér að passa þá í hálf tíma á meðan foreldrar þeirra tækju þátt í æfingu. Ég var tæpur að ná þessu, fundur í vinnunni varð aðeins lengri en áætlað og ég þurfti að drífa mig heim til þess að verða ekki of seinn í verkefnið. Það hafðist og það var yndislegt að koma beint á pössunarvaktina. Ég tók við hlutverkinu af mínum yngsta sem var á leiðinni á æfingu sjálfur. Stubbarnir brostu hringinn þegar þeir sáu afa og tóku fagnandi á móti mér. Við horfðum saman á spennandi barnþátt um smábáta í norsku sjávarþorpi. Settumst svo inn í eldhús þar sem við fengum okkur að borða og fórum saman í gegnum öll þau dýrahljóð sem við kunnum og mundum eftir. Þvílík gæðastund. Ekki nema hálf tími. Það var mikil núvitund að detta inn í þeirra heim beint eftir vinnu. Svo kláruðu foreldrar þeirra sína æfingu og skutluðust heim með guttana sína.

Samverustundir þurfa ekki að vera langar til að vera góðar og gefandi.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

KÓTILETTUKVÖLD Á BLIKBISTRO

KÓTILETTUKVÖLD 30. JANÚAR

★ BORDHALD BYRJAR 19:00

-Tvær tegundir af súpu og brauði í forrétt

-Kótilettur með öllu tilheyrandi

-Eftirréttir sem vekja nostalgíu hjá öllum

★ TRÚBADOR SPILAR YFIR BORDHALDI OG HAPDRÆTTI FYRIR ALLA KEYPTA MIÐA

★ BORDABÓKANIR FARA FRAM Á BLIKBISTRO.IS UNDIR BORDABÓKANIR



Frekari upplýsingar
BLIKBISTRO.IS

MIÐAVERÐ 6.990 KR

Vegna mikillar sölu leitum við að
öllum gerðum eigna í þínu hverfi.
Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið
skoðun
og fáid **frítt**
verámat

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér
alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur
in your face



Leifur Guðjónsson
Þyngri en tárur

taki kvaddi elsku pabbi okkur í nótt. Minning um góðan mann lifir sem allir elskuðu og dáðu. Hvíldu í friði elsku pabbi.
29. des



Þórunn Ósk Þórarinsdóttir
Ég sagði

strákunum mínum að ég væri Desemberstúlka blaðs og hefði farið í viðtal... Ég sagði líka eftir smá þögn, þetta er í Mosfellingi ekki Samúel... :)
22. des



Guðmundur Guðlaugsson
Gamlárskvöld

var fjarska fint, ég fékk mér ögn í staupið. En ekki finnst mér afar brýnt að endursýna skaupið. Gleðilegt ár og takk fyrir þau gömlu!
1. jan



Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Gylfi

skólástjóri á stað í hjarta okkar sem gengum í Gaggó Mos. Gylfi er Gaggó Mos. Ég var aldrei „send“ til Gylfa en það var alltaf gott að spjalla við hann. Mikill heiðursmaður sem bar virðingu fyrir unglíngum. Við vorum krefjandi hópur eins og gengur og gerist í bæjum sem eru stöðugt að stækka og nemendum að fjölga. Mér leið vel hjá Gylfa og líklega er það ástæðan fyrir að ég valdi sjálf kennarastarfið. Blessuð sé minning Gylfa Pálssonar.
2. jan



Halla Karen Kristjánsdóttir
Elsku pabbi

Ella og tengdapabbi minn á afmæli í dag Niels Unnar Hauksson. [...] En það er ekki bara afmæli heldur fagnar hann og Steina 60 ára brúðkaupsafmæli já þið lásuð rétt 60 ára demantsbrúðkaupið. Þau kynntust hér í Mosfellsbæ þá Mosfellsveit kornung og hófu sambúð og í dag eiga þau ansi marga afkomendur. Þetta kallar maður ríkidæmi.
29. des

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



MALBIKSTÖÐIN

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142




GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

MG LÖGMENN

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



LJÁRDALUR

WWW.LJAR DALUR.IS

SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla- og bilpróf

Annast aksturmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.



GIRDIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS



BÍLSPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi 554 2510
www.bilasprautun.is



VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYST HEFUR...

...að Mosfellingurinn Þorsteinn Leó verði með íslenska handboltalandsliðinu á HM sem hefst um miðjan janúar.

...að fyrsti leikur Aftureldingar í Bestu deild í vor verði gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks.

...að steikarkvöld fótoltans fari fram í íþróttahúsinu 15. mars.

...að þorablót Dalbúa verði haldið í Hlégarði föstudaginn 31. janúar.

...að Róbert Wessman verði stór styrktaraðili knattspyrnudeildar Aftureldingar á næstunni.

...að búíð sé að selja yfir 800 miða á þorablót Aftureldingar sem fram fer í þróttahúsinu 25. janúar.

...að Siggi Borgar hafi orðið sextugur um síðustu helgi.

...að kótilettukvöld verði haldið á Blik þann 30. janúar.

...að sameiginlegt fótboltalið Mosfellsbæjar hafi komist í úrslit á Íslandsmóttinu innanhúss í futsal.

...að handboltastrákarnir í Aftureldingu séu komnir í Final 4 sem fram fer í mars.

...að hátt í þrjár milljónir hafi safnast fyrir Krabbameinsfélagið á Rauðu jólum Jökuls í Hlégarði.

...að Ásta Lóa Þórsdóttir, nýr mennta- og barnamálaráðgjafi sé uppalin í Mosfellsbænum.

...að Jói í Jako verði sjötugur um helgina.

...að hið árlega herrakvöld Lions fari fram föstudaginn 7. febrúar.

...að lýðræðisverkefnið Okkar Mosó verði tileinkað börnum árið 2025 og muni kosningin kallast Krakka Mosó.

...að undirbúningsfundir séu þegar hafnir hjá skreytinganefndum fyrir þoraborðin á Aftureldingarblótinu.

...að Leikfélag Mosfellsveitar sé að undirbúa Galdrakarlinn í Oz.

...að hestamenn séu ekki ekki sáttir við að þurfa nú að skila hrossaskítinum sínum á Sorpu með tilheyrandi gjöldum.

...að Óli Höskulds eigi afmæli í dag.

...að Steindi Jr. sé farinn af stað með nýjan sketsabátt á Stöð 2 sem nefnist Draumahöllin.

...að hinn 16 ára ungi og efnilegi rappari Nóri hafi verið að gefa út lagið Áhrif.

...að Arinbjörn hafi verið valinn nýr Toppmaður UMFUS og Hörður Hafberg spinningmeistari.

...að Ása Dagný verði fimmtug í næstu viku.

...að tilkynnt verði í dag hver verði íþróttakona og íþróttakarlfélag Mosfellsbæjar 2024.

...að Málfríður Bjarnadóttir á Reykjum hefði orðið 100 ára í dag, 9. janúar.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Norma Yasmín Harimache fæddist 1. október 2024. Hún kom í heiminn kl. 18:14, 3.115 g og 48 cm. Foreldrar eru Bríet Fríða Ingadóttir og Ibrahim Ómar Harimache.



Í eldhúsinu

HJÁ ÓLÖFU

Marokkóskt lambakjöt

Ólöf Guðmundsdóttir deilir hér með okkur uppskrift að marokkósku lambakjöti, hægelduðum bógi eða læri sem hún mælir með að taka sér góðan tíma í að elda og njóta. „Þetta er því helgarmatur sem er upplagt að bjóða upp á í heimbóði. Það þarf að nota vel stóran steikarpott með loki fyrir þennan rétt.



- 2 teningar nautasoð leystir upp í um 400-500 ml af soðnu vatni

Lambakjötið kryddað með um helming af kryddinu og látið standa í ísskáp - helst yfir nótt. En það sleppur að krydda snemma að morgni og elda eftir hádegi.

- Ofn hitaður í 130°C.
- Bítar steiktir/brúnaðir á pönnu í ólífuolíu - passið að brenna ekki - og settir í

stórt ófnfast fat með loki.

- Laukur mýktur á pönnunni í meiri ólífuolíu og hvítlauk bætt út í, í lokin. Ekki brúna laukinn, bara að „glæra“ hann.
- Restin af kryddinu sett á pönnuna með lauknum og steikt í augnablik áður en sett í ófnfatið með kjötinu og öllu hinu.
- Bakað í um 4-5 klst við 130°C með lokinu á. Áður en borið er fram er gott að taka lokið af, stilla ofninn á grill í um 2 mín. við 200°C. Kannski má bæta við smá salti eða nautakrafti. Borið fram með couscous og hrásalati. Couscous blandað með góðum slatta af ferskri saxaðri steinselju og koriander og ferskum rífnum berki af (þveginni) sítrónu.

Hrásalat: icebergshaus sneiddur í þunnar langar sneiðar, 1-2 appelsínur í bita og passað að allur safinn fari í salatið. Dressing hrærð með gaffli:

- 1 tsk sesamolía,
- 2 msk ólífuolíu, 4 kúfaðar msk grísk jógúrt, 1 msk hvítvínedik, smá salt.

Gott rauðvín drukkið með góðum vínun.

Kryddin tekin saman í litla skál:

- 1 tsk cayenne pipar
- 2 tsk nýmalaður svartur pipar (þetta er mikið að handmala svo gott að nota öflugan kryddkvörn)

- 1 1/2 msk engiferduft
- 1 1/2 msk (sæt ungersk) paprika
- 2 tsk kanilduft
- 1 msk turmeric

- 1-2 kanilstangir settar í steikarpottinn þegar allt er komið ofan í hann

Lambabógur eða læri skorið í um 5-6 stykki hjá kjötsala ef þú hefur ekki aðgang að kjötsög.

- 2 gróft saxaðir laukar
- 4-6 stór hvítlauksrif skorin í bita
- 120 gr þurrkaðar apríkósar - skornar í tvennt
- 80-100 gr þurrkaðar fíkjur - skornar í tvennt
- 60-80 gr rúsínur
- 100 gr saxaðar möndlur
- 1 tsk saffran þræðir leystir upp í smá köldu vatni (ekki sleppa þessu og það má setja meira)
- 2 msk hunang
- 3 dósir tómatar í bitum

Ólöf skorar á Berglindi Grétardóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

ÁRAMÓTAHEIT UPPHAF NÝS ÆVINTÝRIS

Áramótin eru eins og stórt reset - tækifæri til að byrja upp á nýtt.

Á þessum tímamótum ákveða margir að strengja áramótaheit, þau geta verið allt frá því að setja sér markmið fyrir að verða sterkari, breyta mataræði, vera sparsamari, leggja meiri áherslu á andlega líðan, eyða meiri tíma með fjölskyldunni eða jafnvel verða áskrifandi í ræktinni.

Flest áramótaheit snúast um það að verða betri útgáfa af sjálfum sér en við megum ekki gleyma því að þetta þarf ekki að vera fullkomið, við megum ekki gera ráð fyrir því að þetta takist allt strax - þetta kemur allt með kalda vatninu!

Tökum eitt skref í einu og ekki gleyma að það er allt í lagi að mistakast, við reynum bara að standa aftur upp og reyna aftur.

Það fallega við það að setja sér markmið er að við getum alltaf aðlagð þau eftir aðstæðum. Ef við reiknum ekki með því að ná markmiðinu þá er hægt að brjóta það niður í fleiri parta og sjá hvernig það gengur. Skipuleggjum markmiðin og gerum þau raunhæf, mælanleg og skýr.

Ég ætla sjálf að setja mér nokkur markmið fyrir árið en mig langar að gera þau skemmtileg og spennandi. Ég elska að fá verðlaun ef eitthvað gekk vel. Til dæmis er hægt að kaupa kampavínsflöskur og merkja hverja flösku með markmiði, þegar markmiðið næst þá er skálað í kampavíni.

Það er margt sem við getum gert til þess að gera þau meira aðlaðandi og spennandi.

Ég skora á þig að setjast niður og fara yfir liðið ár og hvernig þú sérð fyrir þér 2025. Settu niður 5 markmið í minnsta lagi fyrir árið.

Markmiðin þurfa ekki að vera stór en þau þurfa að vera eitthvað sem **ÞIG** langar að gera.



EMBLA LÍF



KÆRU MOSFELLINGAR - GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
VIÐ ÞÖKKUM INNILEGA VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

6. FEBRÚAR

*Bláðinu er dreift frítt
í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



**VILTU
SELJA?**

588 55 30
WWW.BERG.IS



Likami og sál
Fótaaðgerðastofa

bverholt 11
sími : 566-6307

www.likamiogsal.is

Gjafakortin okkar er hægt að kaupa á netinu
og fá sent í tölvupósti um hæl

Gjöf sem gleður alla



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Sjúkráþjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir


Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MOSFELLINGUR.IS

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvert er áramóta-
heitið þitt?



LÚKAS:
Gera 10 armbeygjur á dag.



BJARNI: Spila Fornite
á hverjum degi.



FANNEY: Að taka ekki þátt
í neikvæðni og baktali.



STEINAR: Komast í
Manchester United.



ÍSAK:
Að vera bestur.



VALUR:
Boðða meiri ís.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Jólameistararnir



Líðið Edru og leiðnlegar



Áramótameistarar blaksins



Jólin á Ásláki



HC Láki í keppnisskapi



Húbba Búbba tríóið



Út á gólfið



VEL HEPPNAÐ SOFTBALL-MÓT
Á MILLI HÁTÍÐANNA

TVÍFARAR



Gylfi Guðjóns



Fernando Santos

Við á Sprey Hárstofu
elskum það sem við gerum,
við erum fagmenn!



Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677
Mosfellsbæ og Garðabæ.



Fisk ~
búðin
Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699

ÖLL ALMENN MÚRVINNA

- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
- Flotun •
- Hleðslur •
- Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



ALLT

F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær



GLATT HJÁ ÁLFUM ÖLLUM

Hin árlega þrettándabrenna var haldin með glæsibrag í Mosfellsbæ þann 6. janúar. Ýmsar kynjaverur létu sjá sig og sungið var um álfa og tröll. Kvöldið endaði með glæsilegri flugdasýningu Kyndils.

Mýnd/ReggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

2025

Dagbækur og vasadagbækur
Margar gerðir



Nafnagyllingar á frábæru verði!



MÚLALUNDUR
Við Reykjaland, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Þjónusta við
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð
897 0047



Klapparhlíð 9



Mjög falleg 87 fm íbúð við Klapparhlíð. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Svalir í suðvestur. Góðar innréttingar. Nýlegt baðherbergi. Góð aðkoma að húsi og bílastæði. **Verð: 70,5 m.**

Skipholt 7



Vel staðsett atvinnu- og verslunarhúsnæði við Skipholt. 200 fm. Góð aðkoma, næg bílastæði. Húsnæðið er á jarðhæð. **Verð: 188 m.**

Stórikriki 2



Falleg íbúð, 117 fm á flottum stað með ca 20 fm bílastæði í bílahúsi. Allar innréttingar úr eik og eikarparket. 3 góð svefnherbergi. Flott eldhús og opið inn í stofu. Gengið út á verönd í suður úr stofu. **Verð: 84 m.**

Blesabakki 3



Vel staðsett 55,3 fm hesthús. Hesthúsið er í neðstu götu hesthúsaðverfisins. Gott aðgengi og óspillt náttúra umhverfis. Sér gerði. Mikið búið að endurnýja. Nýtt rafmagn og veggir uppsteyptir. **Verð: 22,9 m.**